

Reikningsskilaráð ríkisins

22. Fundur – 15. ágúst 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Forföll: Margrét Björk Svavarsdóttir boðaði forföll.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Jón Loftur Björnsson.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 21. fundar samþykkt.

2. Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða og innleiðingaráætlun

Unnið er í samræmi við innleiðingaráætlun sem áður hefur verið farið yfir.

3. Ríkisreikningur 2017

Eftir er að loka endanlegum uppgjörum á nokkrum fjárlagaliðum. Í byrjun næstu viku verður hafinn vinna við afstemmingar og stilla upp drögum að ríkisreikningi. Ljóst er að töluvert miklar breytingar verða á framsetningu og útliti helstu yfirlita sem þarfnast samþykkis fjármálaráðuneytis og ríkisendurskoðunar.

Búið að gefa út að ríkisreikningur 2017 verði birtur í september.

Þess má geta að í fyrstu framsetningu fjárlagafrumvarps verða birtar bráðabirgðatölur fyrir árið 2017 í ljósi þess að endanlegur reikningur liggur ekki fyrir..

Farið verður aftur yfir stöðuna á næsta fundi.

4. Meðferð fjárfestingarframlaga, lagabreytingar og næstu skref

Er í meðferð vinnuhóps og verður tekið fyrir á fundi ráðsins 26. september nk.

5. Erindi Biskupsstofu, kynning.

Málið er í skoðun hjá fjármálaráðuneytinu, það er ljóst að málefni Þjóðkirkjunnar þarf að skoða í heildarsamhengi og verður málið tekið fyrir á fundi ráðsins 26. september nk.

6. Eurostat, heimsókn í júní 2018.

Farið yfir niðurstöður úr heimsókn Eurostat frá júní 2018. Eurostat fundaði með Hagstofunni, Seðlabankanum og Fjármálaráðuneytinu. Fram koma ábendingar í 35 liðum sem taka þarf afstöðu til. Ákveðið var að fela vinnuhópi reikningsskilaráðs að fara yfir málið og gera grein fyrir niðurstöðu sinni á fundi reikningsskilaráðs þann 26. september nk.

7. Önnur mál.

Ekki var annað rætt, fundi slitið kl. 10:00.